

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Sendandi: Ragnhildur Arnljótsdóttir
Dagsetning: 24. mars 1998
Málsnúmer: 96050310
Bréfalykill: 040

Efni: Meginatriði frumvarps til laga um dánarvottorð o.fl.

Meginumfjöllunarefni frumvarps til laga um dánarvottorð o.fl. er eftirfarandi:

* **Ritun og útgáfa dánarvottorða, meðferð dánarvottorðs og heimild til útfarar** (1., 8. og 10. gr.)

Læknar rita ávallt dánarvottorð þ.e. hvort sem dauðdagi telst eðlilegur eða aðstæður krefjast réttarlæknisfræðilegrar líkskoðunar eða réttarkrufningar. Samhliða gildistöku frumvarpsins mun nýtt dánarvottorð verða tekið í notkun þar sem dánarorsakir verða skráðar á grundvelli alþjóðlegs staðals, ICD 10.

Ein veigamesta breyting sem í frumvarpinu felst eru reglur um afhendingu dánarvottorða og í kjölfar þess skilyrði fyrir því að útför fari fram. Ferill sem frv. gerir ráð fyrir er sem hér segir:

- a. *Dánarvottorð er afhent venlamanni hins látna.*
- b. *Venslamaðurinn afhendir viðkomandi sýslumanni vottorðið og fær um leið staðfestingu hjá sýslumanni.*
- c. *Staðfesting sbr. b. lið er forsenda þess að útför megi fara fram.*
- d. *Sýslumaður sendir dánarvottorð svo fljótt sem kostur er til Hagstofu Íslands.*

Í dag annast prestar og forstöðumenn skráðra trúfélaga mánaðarleg skil á dánarvottorðum til Hagstofunnar en þeir eru nú vel á annað hundrað talsins. Af hálfu Hagstofunnar hefur verið lögð rík áhersla á að þessi skil verði einfölduð og lagt er til að sýslumönnum, sem eru um þrjátíu talsins, verði falið að standa skil á dánarvottorðum jafnóðum. Eins og fram kemur í greinargerð með 10. gr. frv. eru þess mörg dæmi að látnir einstaklingar hafi verið skráðir lifandi í þjóðskrá vikum saman eftir andlát með ýmsum óþægindum fyrir aðstandendur.

* **Tilkynningar vegna andvana fæddra barna** (11. gr.)

Ekki er gefið út dánarvottorð í slíkum tilvikum en tilkynning send Hagstofu Íslands

* **Líkskoðun** (2. gr.)

Læknir skal ávallt skoða lík til að kanna hvernig andlát hafi borið að, dauðaskilmerki og

líklega dánarorsök. Um dauðaskilmerki er fjallað í reglugerð nr. 430/1994.

* **Læknir sem kvaddur er til vegna líkskoðunar skal gera lögreglu viðvart við tilteknar aðstæður (3. gr.)**

Lögreglu skal gera viðvart við aðstæður sem tilteknar eru í 1. - 5. tölul. 3. gr. Ath. ber sérstaklega að með fangelsi eða öðrum áþekkingum stað er átt við hvers kyns staði þar sem menn eru vistaðir á grundvelli valdboðs. Þá ber að geta þess að lagt hefur verið fram á Alþingi frv. til l. um breyt. á lækna­lögum nr. 53/1988, þar sem fjallað er um viðbrögð heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna þegar óvæntur skaði á sér stað við meðhöndlun sjúklunga.

* **Réttarlæknisfræðileg líkskoðun (4. gr.)**

Réttarlæknisfræðileg líkskoðun er sambærileg almennri líkskoðun að öðru leyti en því að læknir og lögregla taka bæði þátt í hinni fyrrnefndu.

* **Krufning líks í læknisfræðilegum tilgangi (5. gr.)**

Krufning í læknisfræðilegum tilgangi er bundin þeim skilyrðum að hinn látni hafi, eftir að hann varð sjálfráða, samþykkt krufningu skriflega eða nánasti venslamaður hans hafi samþykkt krufningu, enda þyki sannað að hún sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.

* **Réttarkrufning og öflun dómsúrskurðar um hana (6. og 7. gr.)**

Réttarkrufning er gjörkrufning að beiðni lögreglu og að fengnu samþykki nánasta venslamanns eða samkvæmt dómsúrskurði. Tilgangur hennar er að skýra dauðsfall og að lokinni réttarkrufningu er skráð skýrsla þar sem fram kemur efnisleg úttekt á krufningunni með skipulegri lýsingu á niðurstöðum hennar ásamt álitserð þar sem niðurstaða krufningar er felld inn í það sem þekkt er um aðdraganda dauðsfallsins.

* **Umönnun líks (9. gr.)**

Bent skal á reglugerð nr. 430/1994 um dauðaskilmerki sem fyrir hefur verið nefnd.

* **Flutningur líka úr landi (12. gr.)**

Við slíkar aðstæður ber sá sem annast flutning líks ábyrgð á að dánarvottorð sé afhent ssýslumanni í því umdæmi sem maðurinn lést. Sýslumaðir afhendir síðan flutningsaðila staðfest afrit af dánarvottorði sem fylgir líki til viðtakanda erlendis.

Ýmis önnur atriði sem máli skipta:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir brottfellingu laga um dánarvottorð nr. 64/1962, laga um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913 og tilskipun um skyldu til að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir, frá 4. ágúst 1819.

Lög sem hafa ber til hliðsjónar við lestur frumvarpsins eru einkum lög nr. 15/1991, um ákvörðun dauða, lög nr. 16/1991, um brott­nám líffæra og krufningar og lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Þá skal bent á að frv. gerir ráð fyrir breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis á ákvæðum í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og lögum um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962, auk laga um kirkjugarða o.fl. sem fyrir var getið.